

**Haustþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra,
haldið 20. október 2017,
samþykkir eftirfarandi ályktun:**

Búsetujafnrétti

Íbúar á Norðurlandi vestra telja að þeir hafi um langt skeið búið við ákveðið misrétti og skekkta samkeppnisstöðu. Þess er krafist af stjórnvöldum að þau tryggji jafnrétti allra landsmanna þegar kemur að aðgengi að opinberri þjónustu.

Hugtakið búsetujafnrétti heyrir æ oftar í umræðunni um byggðamál. Í því felst að íbúar landsins eigi í grunninn rétt á sömu þjónustu frá hendi opinberra aðila, óháð búsetu. Í því felst ekki að alla þjónustu þurfi að veita óháð skynsemisrökum heldur að möguleg þátttaka allra sé tryggð – ef ekki með því að veita þjónustu sem næst notanda þá með því að tryggja sem best möguleika allra til þess að nýta sér þjónustu opinberra aðila og til að taka þátt í samfélaginu, óháð búsetu. Það er t.d. mögulegt með bættum samgöngum, tækniframförum, svo sem í fjarheilbrigðisþjónustu og með beinum ívilnunum í gegnum skattakerfið.

Hagvöxtur landshluta

Það er afar mikilvægt fyrir afkomu og fjölgun íbúanna að landshlutinn nái að laða til sín atvinnutækifæri sem hjálpa til við að rétta af þann framleiðslu- og tekjuhalla sem íbúarnir búa við miðað við aðra landshluta. Gerð er sú krafa til stjórnvalda að þau komi að því með heimamönnum að snúa þessari þróun við, t.d. með öflugum stuðningi við hugmyndir um atvinnuuppbyggingu á Hafursstöðum og nýtingu raforku frá Blönduvirkjun.

Í skýrslu Byggðastofnunar, Hagvöxtur landshluta 2008 – 2015, kemur fram að framleiðsla á mann er hvergi minni en á Norðurlandi vestra og laun á ársverk eru hvergi lægri. Ennfremur kemur fram í skýrslunni að landbúnaður sé grundvallaratvinnugrein á Norðurlandi vestra og að landbúnaður sé láglaunagrein. Greinar með miklum hagnaði og háum launum eru ekki sterkar í landshlutanum.

Innviðir Norðurlands vestra

Íbúar Norðurlands vestra krefja stjórnvöld um verulega aukna fjármuni til uppbyggingar innviða, s.s. til samgöngumannvirkja. Einnig er þess krafist að stjórnvöld styðji betur við stofnanir sínar innan landshlutans. Niðurskurður ár eftir ár leiðir aðeins til minna búsetujafnréttis.

Ýmislegt hefur áunnist í landshlutanum á liðnum árum. Ljósleiðaravæðing er hvergi lengra komin í dreifbýli, hitaveitur eru lagðar víða um sveitir og ýmsir innviðir, sérstaklega þeir sem íbúar hafa sjálfir forræði yfir eins og leik- og grunnskóli, eru í góðu lagi að mati íbúa samkvæmt könnun sem gerð var haustið 2016. Hins vegar eru þau verkefni sem eru á ábyrgð ríkisins ekki í jafn góðu lagi. Segja má að alla vegi innan landshlutans skorti viðhald og mikil nýbyggingarþörf er í vegakerfinu. Á flestum stofnunum ríkisins, s.s. Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og á heilbrigðisstofnunum, er enn veruleg hagræðingarkrafa og jafnvel krafa um samdrátt og niðurskurð. Sá samdráttur, sem þessar stofnanir hafa búið við frá hrúni, minnkar búsetujafnrétti og gerir samkeppnisstöðu um íbúa og atvinnutækifæri verri en ella.

Sóknaráætlun Norðurlands vestra

Brýnt er að bæði ríki og sveitarfélög leggi meiri fjármuni til Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

Sóknaráætlunin hefur verið í gildi frá árinu 2015 og gildir núverandi samningur til ársloka 2019. Ýmis mikilvæg verkefni hafa verið og verða á næstu mánuðum unnin vegna þeirra fjármuna sem fylgja sóknaráætluninni. Má þar nefna innviðagreiningar eins og samgönguáætlun, úttekt á heilbrigðisþjónustu í landshlutanum, kortlagningu á möguleikum smávirkjana og kortlagningu hverasvæða og aukna/nýja notkunarmöguleika þeirra.

Mikilvægt er að unnið verði í beinum aðgerðum þegar ofangreindar grunnupplýsingar liggja fyrir svo að „skúffuskýrslum“ fjölgi ekki heldur tækifærum íbúanna til að skapa sér betri afkomu.